

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

haldinn 1. júní 2021, kl. 16:00 á Kirkjubæjarstofu – þekkingarsetri, Kirkjubæjarklaustri.

Fundur nr. 176.

Mættir eftirtaldir fundarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson, Anna Magdalena Buda, Arnfríður Jóhannesdóttir, Sigurður Sverrisson og Fanney Ásgeirsdóttir.

Fanney Ásgeirsdóttir ritar fundargerð.

Kl. 16:00 – Sameiginlegur fundur stofnana – Deiliskipulag á Klausturvegi 4.

Auk nefndarinnar sátu kynninguna Sólveig Ólafsdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Zbigniew Zuchowich.

Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun kynnir hugmyndir að deiliskipulagi. Fræðslunefnd þakkar kynninguna.

Kl. 17:00 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Á fundinn mæta áheyrnarfulltrúar, Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri, Inga Lóa Hannesdóttir, fulltrúi kennara og Auður Guðbjörnsdóttir, fulltrúi foreldra.

1) Breyting á skóladagatali 2020 – 2021.

Um að ræða beiðni frá skólastjóra Kirkjubæjarskóla um breytingu á skóladagatali, þar sem starfsdagur var færður frá 26. mars 2021 til 23. apríl 2021. Fræðslunefnd samþykkti breytingu fyrir sitt leyti með tölvupóstssamskiptum.

Breyting er staðfest.

2) Skóladagatal 2021 – 2022.

Skóladagatal Kirkjubæjarskóla lagt fram til kynningar.

3) Starfsmannamál – Ráðningar.

Ráðningar í farvegi, vantar enn að hluta. Enn vantar sérkennara, ekki búið að auglýsa eftir honum.

4) Úrbótaáætlun vegna niðurstöðu viðhorfskannanna.

Skólastjóri kynnir drög að úrbótaáætlun, þau verða mótuð betur á starfsdögum í vor.

AMB f.f.
J.F.
A.J.
J.F.

5) Starfsþróunarverkefni – Sprotasjóður.

Skólastjóri kynnti starfsþróunarverkefnið, *Staðarvitund og geta til aðgerða*, sem hefst næsta haust með vinnustofu með kennurum. Skólinn fékk úthlutað kr. 800.000 úr Sprotasjóði, í verkefnið.

6) Skólar á grænni grein – framúrskarandi menntaverkefni í átt að aukinni sjálfbærni. Bréf frá Landvernd, dags. 5. maí 2021. Bréfið er til kynningar á verkefninu. Áhugi er fyrir að hefja innleiðingu verkefnisins.

7) Önnur mál. Engin önnur mál.

Kl. 17:45 – Heilsuleiksskólinn Kæríbær.

Á fundinn mætir áheyrnarfulltrúi, Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra. Guðrún Sigurðardóttir, leiksskólastjóri, boðaði forföll.

1) Skóladagatal 2021 – 2022. Skóladagatalið kynnt fræðslunefnd.

2) Önnur mál. Sólveig lýsti ánægju með að búið er að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir foreldrum. Talsverðar breytingar í starfsmannahópnum á næstu mánuðum.

Kl. 18:15 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Zbigniew Zuchowich, skólastjóri, mætir á fundinn.

1) Starfsemi á liðnu skólaári.

22 nemendur voru í tónlistarskólanum á vorönn 2021, þar af fjórir fullorðnir og einn leiksskólanemandi. Í ár tóku fjórir nemendur stigspróf. Einn lauk öðru stigi og þrír luku fyrsta stigi. Í vor tókst að halda lokatónleika, sem voru fyrstu tónleikar sem hægt var að halda síðan jólin 2019 vegna COVID-19.

2) Áætlun um starfsemi á næsta skólaári

Stefnt á fleiri stigspróf og aukið framboð hljóðfæra. Áfram er stefnt að samstarfi við tónlistarskólann í Vík í Mýrdal. Mögulegt samstarf við Hjúkrunarheimilið. Þróa þarf samstarf við grunnskólann áfram.

3) Önnur mál. Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00

AMB
FA.
ASJ
ASJ




Þorsteinn M. Kristinsson



Arnfríður Jóhannesdóttir



Anna Magdalena Buda



Sigurður Sverrisson



Fanney Ásgeirsdóttir


Tónlistarskóli
Vorönn 2021

aldur	2019	2020	2021
Leikskóli	0	0	1
1 bekk	1	2	3
2 bekk	2	1	4
3 bekk	1	3	3
4 bekk	4	1	2
5 bekk	5	3	1
6 bekk	0	4	2
7 bekk	3	0	0
8 bekk	2	3	0
9 bekk	0	2	1
10 bekk	0	0	1
fullorðnir	2	4	4

aldur: 10-19 ár

hljóðfæri	kl.
piano	4.5
blokkflauta	1
fiöla	2
gítar	4.5
kornett	0.5
söng	1.5
harmonikka	0
flauta	0
Saxofoonn	0
Bass gítar	1
Trommur	0
Hljómborð	1

Tónlistarskóli - aðsókn 2018-2021



kl.

